

hvora uppástunguna, þá að koma með uppástungu um, hvernig ætti að framkvæma hana.

1865.
10. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um konungstíund af kirkjujörðum. 11. marz.

Með bréfi dagsettu 19. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni bréf frá sira Jóni Þorvarðarsyni, héraðsprófasti í Borgarfjarðarsýslu. Spyr hann um, hvort nokkur lagaheimild sé til þess að heimta konungstíund af kirkjujörðum; en tilefnið var það, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðar sýslu hefði krafist konungstíundar af slíkum jörðum á manntalsþingunum vorið fyrir. Hafið þér skotið málefni þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það þeim sem hlut eiga að máli, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til að leggja úrskurð á málefni þetta, þar sem það eptir eðli sínu liggur undir verkahring dómstólanna.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir úttekt á umboðsjörðum. 14. marz.

Með úrskurði dags. 20. aprílmán. 1863 hafið þér, herra amtmáður, færzt undan að borga Stefáni Bjarnarsyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, reikning, 53 rdl. 48 sk. að upphæð, fyrir fæðispeninga og ferðakostnað, þegar hann hélt úttektargjörðir á Barðastrandar og Álptafjarðar umboðsjörðum, en það var á árunum 1860 og 1861. Útaf þessu hefir sýslumaðurinn í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar dags. 6. aprílmán. f. á., beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort sèr beri

1865.
14. marz.

borgun sú, er hann hefir krafizt, eður ekki, og ef að stjórnarráðið ekki álfíti, að honum beri borgun fyrir alla úttektargjörðina, hefir hann beðið um, að sèr að minnsta kosti sè veitt borgun fyrir þann hluta úttektarinnar, sem fór fram árið 1860.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt ítarlegri skýrslur um málefni þetta með bræfi yðar dags. 15. septembermán. f. á., og skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni ber í fæðispeninga 1 ríkisdalur á dag fyrir úttektargjörð þá, sem hann hélt árið 1860, þá er nokkrar af umboðsjörðum þeim, er fyr var um getið, voru afhentar þorláki sáluga Blöndal umboðsmanni, og að einnig ber að endurgjalda honum ferðakostnað hans við úttektargjörðina, en amtið á, samkvæmt 16. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, að ákveða upphæð endurgjaldsins fyrir ferðakostnaðinn. Aptur á móti verður sýslumanninum ekki veitt nein borgun fyrir úttektargjörðina, sem hann hélt árið 1861 á hinum umboðsjörðunum, eptir að búíð var að skipa hann sjálfan til umboðsmanns.

Reikning þann, er fylgdi með bænarskrá Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, sendum vèr yður aptur.

16. marz. 22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar frá 23. aprílmán. f. á.¹ skal það hërmeð kunngjört Deild hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 ríkisdala styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi

¹) Smbr. 36. bls. hèr að framan.